



2010

Þjóðarspegilinn

Máttur sjónvarpsins

Athugun á áhrifum sjónvarps á íslensk ungmenni í ljósi ræktunarkenningar George Gerbners

Andri Már Sigurðsson
Þorbjörn Broddason

Félags- og mannvísindadeild
Ritstjórar: Helga Ólafs og Hulda Proppé

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritstýrð grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9935-424-02-0



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Máttur sjónvarpsins

Athugun á áhrifum sjónvarps á íslensk ungmenni í ljósi
ræktunarkenningar George Gerbners

Andri Már Sigurðsson
Þorbjörn Broddason

Kenningar um áhrifamátt fjölmiðla eru jafn misjafnar og þær eru margar og hafa náð allt frá því að þeir hafi engin áhrif og í að afl þeirra og sannfæringarkraftur sé samþærilegur við ógnarkraft atómsprengjunnar (Scannel, 2007). Hægt er að líkja sjónvarpinu við vin sem staðsettur er á heimilinu sem hægt er að leita til þegar við þörfnumst skemmtunar eða fræðslu á einhvern hátt. Í sjálfu sér er ekkert að því að eiga vísan vin til að skemmta, gleðja og græta. Hins vegar gæti verið efni til áhyggju ef þessi sami vinur talaði við okkur nokkra klukkutíma dag hvern án þess að við næðum að koma orði að. Það er því ekki að furða þótt kenningarmiðir á sviði fjölmiðlafræða hafi reynt að ráða í og útskýra afleiðingar mikillar sjónvarpsnotkunar.

Upphaf rannsókna í anda ræktunarkenningarinnar má rekja til ársins 1967. Rannsóknarviðfangið var sjónvarp, stefnumörkun þess og áhrif í samfélagi þar sem sjónvarpsáhorf er ein algengasta athöfn einstaklinga (Gerbner, Gross, Morgan, Signorielli og Shanahan, 2002). Samkvæmt ræktunarkenningunni sinnir sjónvarp svo mikilvægu hlutverki í lífi okkar að það hafi í raun áhrif á skynjun okkar og sýn á raunveruleikann. Sú reynsla sem við höfum safnað og sú heimssýn sem við höfum komið okkur upp í gegnum okkar eigin reynslu af umheiminum vikur eða rennur saman við þá heimssýn og þann raunveruleika sem sjónvarpið sýnir okkur og úr verður brengluð sýn sem er frábrugðin þeirri sem einstaklingar sem lítið horfa á sjónvarp hafa komið sér upp. Rannsóknir George Gerbners, upphafsmanns ræktunarkenningarinnar, byggjast að miklu leyti á því að flokka einstaklinga í tvo ólíka og afmarkaða flokka. Annars vegar þá sem horfa mikið á sjónvarp og hins vegar þá sem lítið horfa á sjónvarp. Samkvæmt kenningunni eru þeir sem mikið horfa á sjónvarp líklegri en þeir sem lítið horfa á sjónvarp til að yfirfæra raunveruleika sjónvarpsins yfir á sinn eigin. Í þeirri rannsókn sem sagt er frá í þessari grein voru athuguð tvönn áhrif sem ræktunarkenningin gerir ráð fyrir, svokallað vonda heims einkenni (*Mean world syndrome*) og sjálfsmýnd.

Þar sem sjónvarpið sýnir að jafnaði mikið frá heimi glæpa og ofbeldis er ekki langsótt hugmynd að þeir sem mikið horfa á sjónvarp séu líklegri en aðrir til að yfirfæra birtingarmynd sjónvarpsins af glæpum og ofbeldi yfir á eigin heimsmynd. Samkvæmt því eru þeir sem mikið horfa á sjónvarp líklegri en aðrir til að ofmeta líkur á því að verða fyrir barðinu á ofbeldi og halda að glæpir séu algengari en þeir í raun eru. Það eru þessi áhrif sem hafa verið þýdd á íslensku sem vonda heims einkennið (Gerbner, Morgan og Signorielli, 1999). Þó ber að benda á að þrátt fyrir að ræktunarkenningin geri ráð fyrir því að sjónvarp hafi áhrif á veruleikasýn sjónvarpsáhorfandans er alls ekki þar átt við að sjónvarpsáhorfandinn sé með öllu gagnrýnislaus á það sem hann horfir á í sjónvarpi og trúí öllu sem þar kemur fram.

Í bandarísku sjónvarpsefni, sem er algengasta erlenda sjónvarpsefnið á Íslandi (Hólmfríður Anna Aðalsteinsdóttir og Jón Stefán Jónsson, 2006), eru 30% kvenna undir kjörþyngd á meðan aðeins 5% kvenna í Bandaríkjunum eru undir kjörþyngd. Sex af hverjum 10 körlum í Bandaríkjunum eru yfir kjörþyngd, en í bandarísku sjónvarpsefni eru þeir 24%. Þá eru feitar konur mun líklegri en mjóar konur til að vera niðurlægðar í sjónvarpi á meðan mjóum konum er frekar hrósað í sjónvarpi en feittum konum (Levin og Harrison, 2009). Hæglega má ætla að þetta hafi einhver skoðanamyndandi áhrif á þá sem horfa mikið á sjónvarp. Rannsóknir hafa sýnt að þeir sem mikið horfa á sjónvarp telja meðalmanninn vera léttari og í betra líkamlegu formi en hann er í raun og veru (McCreary og Sadava, 1999).

Markmið rannsóknarinnar

Tilgangur þessarar rannsóknar er að athuga hvort þau áhrif sem höfundar ræktunarkennningarinnar gera ráð fyrir sé að finna meðal íslenskra ungmenna. Athugað var hvort veruleiki sjónvarpsins næði að breyta eða jafnvel yfirtaka veruleikasýn þeirra og hafa áhrif á viðhorf þeirra og gildi. Áhrifin eru þá, samkvæmt kenningunni, að viðhorf einstaklingsins sem mikið horfir á sjónvarp nálgast þann raunveruleika sem sjónvarpið sýnir og fjarlægist raunveruleika annarra einstaklinga. Samkvæmt ræktunarkennningunni verða einstaklingar sem mikið horfa á sjónvarp fyrir ákveðnum áhrifum óháð tegund sjónvarpsefnis sem horft er á. Það sem máli skiptir er heildarsjónvarpsáhorfið (Gerbner o.fl., 1999). Þá eru það ekki endilega aðalatriðin í sjónvarpsefni sem áhorfandinn trúir, heldur þvert á móti geta það verið aukaatriðin (Gerbner og Gross, 2003). Hversu fjarstæður og ótrúverðugur sem söguþráður eða aðalatriði sjónvarpsefnis virðist getur áhorfandi samt gert ráð fyrir því að það sem gerist í bakgrunni sé raunhæft.

Utan Bandaríkjanna hafa aðrar niðurstöður fengist en þær sem Gerbner fékk í Bandaríkjunum (Shanahan og Morgan, 1999). Fáar íslenskar rannsóknir hafa verið gerðar á efninu hér á landi en rannsókn sambærileg við þá sem hér verður greint frá var gerð fyrir nokkrum árum á Íslandi þegar Guðbjörg Hildur Kolbeins athugaði sjónvarpsáhorf og viðhorf íslenskra ungmenna. Þar komu fram tengsl á milli sjónvarpsáhorfs og þeirra áhrifa sem ræktunarkenningin segir frá en þau tengsl voru betur útskýrð með öðrum breytum (2004).

Þessi rannsókn er þó að nokkru frábrugðin rannsókn Guðbjargar Hildar. Til að byrja með var rannsóknin lögð fyrir einstaklinga á lokaári í framhaldsskóla en fyrri könnunin var lögð fyrir krakka í 8. -10. bekk í grunnskóla. Þá er mælikvarði sjónvarpsáhorfs annar en í rannsókn hennar. Í þessari athugun voru svarendur beðnir um að reyna að svara í tímaeiningum hversu mikið þeir horfðu á sjónvarp en þátttakendur í rannsókn Guðbjargar Hildar voru beðnir um að svara á skalanum 1-9. Þá er rétt að geta þess að ekki er ástæða til að ætla að vegna þess að áhrif hafa ekki fundist áður að þau muni ekki finnast seinna. Menning getur breyst með tíð og tíma og samfélag getur breyst ekki síður en einstaklingarnir sem í því eru.

Aðferðir

Gagnaöflun fór fram í þrem skólum í Reykjavík og þremur á Norðurlandi. Fyrir valinu urðu Menntaskólinn í Reykjavík, Kvennaskólinn í Reykjavík, Verslunarskóli Íslands, Menntaskólinn á Akureyri, Verkmenntaskólinn á Akureyri og Framhaldsskólinn á Húsavík. Skipting á milli svæðanna var nokkuð jöfn, 51,3% svarenda voru frá Norðurlandi á meðan 48,2% svarenda voru frá Reykjavík. Alls var leitað til 797 nemenda og svöruðu 758 þeirra könnuninni eða um 95%. Stefnt var að því að ná nemendum í elstu bekkjum skólanna og reyndist 51% svarenda vera 19 ára en meðalaldurinn var 19,2 ár. Kynjaskipting á milli höfuðborgarsvæðisins og Norðurlands var nokkuð svipuð en í heildina voru 38,3% svarenda karlkyns og 61,7% svarenda kvenkyns. Þrátt fyrir að þessi skipting virðist í fljótu bragði ójöfn reyndist hún, við nánari athugun, í allgöðu samræmi við kynjaskiptingu brautskráðra stúdenta árið 2008 en í þeim hópi voru karlar 40% og konur 60% (Hagstofa Íslands, 2009).

Svarendur voru beðnir um að svara 19 spurningum þar sem 3 spurningar snéru að aldri, kyni og staðsetningu eins og nefnt var hér á undan. Þrjár spurningar fjölluðu um áhorf svarenda og þær 13 sem eftir standa tengdust tilgátum um áhrif í anda ræktunar-kenningarinnar. Hægt er í grunninn að flokka þær kenningar sem voru til athugunar í þessari rannsókn í tvennt. Annars vegar þær sem fjalla um áður nefnt vonda heims einkenni og hins vegar þær sem fjalla um áhrif á sjálfsmynd einstaklingsins.

Kenningin um vonda heims einkennið byggist á því að sá raunveruleiki sem sjónvarpið sýnir sé verri en sá sem við lifum í raun og veru í. Þetta verður til þess að þeir sem mikið horfa á sjónvarp yfirfæra þennan neikvæða heim sjónvarpsins yfir á sinn eigin og þeim finnst því heimurinn vera hættulegri og verri en þeim sem lítið horfa á sjónvarp (Gerbner o.fl., 1999).

Eins og fyrr greinir er mun algengara að einstaklingar sem birtast í sjónvarpi séu undir eða í kjörþyngd en í raunveruleikanum. Of mikil sjónvarpsnotkun getur leitt til þess að við ímyndum okkur að hlutfall þeirra sem eru undir kjörþyngd í heiminum sé hærra en það er í raun og veru og á það sama við um fjölda fallegs fólks í heiminum (McCreary og Sadava, 1999). Þessar breytingar hafa ekki einungis áhrif á það hvað við teljum vera venjulegt útlit og fegurð heldur getur þetta leitt til þess að einstaklingar sem mikið horfa á sjónvarp verði óánægðari með líf sitt en fólk sem lítið horfir á sjónvarp (Speck og Roy, 2008).

Niðurstöður

Að meðaltali töldu svarendur að þeir horfðu á sjónvarp 3,06 klukkustundir dag hvern. Mesta sjónvarpsáhorfið var 14 klukkustundir á dag en á hinum enda skalans voru svarendur sem kváðust aldrei horfa á sjónvarp. Tvær leiðir voru farnar til að athuga tengsl sjónvarpsáhorfs við raunveruleikasýn einstaklinganna. Annars vegar var reiknaður fylgnistuðull og marktækniþróf gert á bakgrunnsbreytunni, það er að segja sjónvarpsáhorfi, og svo rannsóknarspurningum. Hins vegar voru borin saman svör þeirra sem lítið horfðu á sjónvarp og þeirra sem mikið horfðu á sjónvarp. Þeir sem horfðu að meðaltali á sjónvarp eina klukkustund eða minna dag hvern voru taldir horfa lítið á sjónvarp („lágnotendur“) á meðan þeir sem horfðu á sjónvarp að

meðaltali fimm klukkutíma eða meira dag hvern voru taldir horfa mikið á sjónvarp („hánotendur“). Að meðaltali horfðu 284 einstaklingar, eða 37,5%, á sjónvarp klukkustund eða minna dag hvern á meðan 228 einstaklingar, eða 30,1%, horfðu á sjónvarp að meðaltali fimm klukkustundir dag hvern eða meira eins og fram kemur á töflu 1.

Tafla 1. Hánotendur og lágnotendur

Áhorf	Fjöldi svarenda	Fjöldi svarenda	Flokkur
Klst. eða minna	284	37,5%	Lágnotendur
Milli 1 og 5 klst.	246	32,5%	Aðrir
5 klst. eða meira	228	30,1%	Hánotendur
Alls	758	100%	

Fyrst voru svarendur beðnir um að geta sér til um hversu mörg morð væru framin á Íslandi ár hvert. Að meðaltali giskaði fólk á að 5,16 morð væru framin hvert ár. Hér skiptir ekki máli hvert rétt svar er heldur munurinn á svörum þeirra sem lítið horfa á sjónvarp og þeirra sem mikið horfa á sjónvarp. Lágnotendurnir giskuðu á að framin væru 4,56 morð ár hvert á Íslandi á meðan hánotendur giskuðu á 6,30 morð. Þá mátti jafnframt finna jákvæða fylgni í heildarhópi svarenda á milli sjónvarpsáhorfs og trúar á fjölda morða sem framin eru hvert ár. Fylgnin var ekki mikil, ($r=0,075$) en reyndist eigi að síður marktæk.

Næst voru svarendur beðnir að geta sér til um fjölda einstaklinga yfir kjörþyngd. Að meðaltali var giskað á að 37,49% þjóðarinnar væru yfir kjörþyngd. Svör náðu allt frá 2% þjóðarinnar og til 90%. Lágnotendurnir töldu að meðaltali að 34,69% þjóðarinnar væru yfir kjörþyngd en hánotendurnir héldu að meðaltali að um 40,79% þjóðarinnar væru yfir kjörþyngd. Hér mátti finna veika en þó marktæka jákvæða fylgni á milli sjónvarpsáhorfs og trúar á fjölda einstaklinga sem væru yfir kjörþyngd ($r=0,090$).

Í öðrum lið voru fimm spurningar þar sem svarendur voru beðnir um að segja álit sitt á öðrum samfélagsþegnum. Í fyrsta lagi hvort fólk væri yfirleitt hjálpsamt, í öðru lagi hvort fólk væri almennt heiðarlegt, í þriðja lagi hvort hægt væri að treysta fólki og að lokum hversu óhætt fólk teldi að vera eitt á ferli í miðbæ Reykjavíkur eða stórborgum Bandaríkjanna. Ekki var marktæk fylgni milli sjónvarpsnotkunar og trúar á að fólk væri ekki hjálpsamt. Í annarri spurningu þessa liðar, sem sneri að trú á heiðarleika fólks, kom í ljós marktæk neikvæð fylgni á milli sjónvarpsnotkunar og trúar á að meirihluti fólks væri heiðarlegur ($r=-0,108$). Það er að segja að því meira sem einstaklingurinn horfði á sjónvarp, því ólíklegra var að hann hafði trú á heiðarleika annarra einstaklinga. Að meðaltali merktu svarendur þessarar rannsóknar við 5,54 á skalanum frá 0-10 yfir hversu sammála þeir voru fullyrðingunni að meirihluti fólks væri heiðarlegur. Þeir sem horfðu á sjónvarp að meðaltali klukkutíma dag hvern eða minna merktu að meðaltali við 5,93 á þennan lista á meðan þeir sem horfðu að meðaltali á sjónvarp 5 klukkutíma dag hvern eða meira merktu að meðaltali við 5,25 á sama skala.

Í þriðja lagi voru svarendur spurðir hversu sammála þeir væru því að hægt sé að treysta fólki. Í þeim lið mátti einnig finna marktæka neikvæða fylgni á milli þess sem einstaklingar horfðu á sjónvarp og að þeir væru sammála því að hægt væri að treysta fólki ($r=-0,147$). Að meðaltali merktu svarendur við 5,58 á skalanum 0-10 yfir hversu sammála þeir væri fullyrðingunni. Lágnotendur merktu að meðaltali við 6,05 á skalann á meðan hánotendur merktu að meðaltali við 5,07 á þessum sama skala. Að lokum voru svarendur spurðir annars vegar hvort þeim fyndist óhætt að vera einir á ferli á laugardagskvöldi í miðbæ Reykjavíkur og hins vegar hvort þeir teldu óhætt að vera

einir á ferli í stórborgum Bandaríkjanna. Í stuttu máli sagt fannst ekki marktæk fylgni á milli þessara tveggja þátta og þess hversu mikið fólk horfði á sjónvarp.

Fjórði liður er tvíþættur en þar er annars vegar spurt um hversu sáttir svarendur séu með útlit sitt og hversu tilbúnir þeir væru í að fara í lýtaaðgerð í framtíðinni. Hvað útlitið varðar mátti finna veika en þó marktæka neikvæða fylgni á milli þess hversu lengi svarendur horfðu á sjónvarp og hversu sáttir þeir voru með eigið útlit ($r=-0,082$). Að meðaltali merktu svarendur við 7,28 á skalanum 0-10 yfir hversu sammála þeir væru fullyrðingunni þeir væru sáttir með eigið útlit. Þeir sem horfðu á sjónvarp að meðaltali klukkutíma hvern dag eða minna merktu að meðaltali við 7,60 á skalann á meðan þeir sem horfðu á sjónvarp að meðaltali fimm klukkutíma dag hvern eða meira merktu að meðaltali við 6,84. Ekki var marktæk fylgni á milli þess að einstaklingar horfðu á sjónvarp og að þeir væru líklegri til að fara í lýtaaðgerð í framtíðinni.

Í fimmta lið voru svarendur beðnir um að segja hversu sammála þeir væru fullyrðingunni að þeir væru ánægðir með lífið. Að meðaltali merktu svarendur við 8,24 á skalanum 0-10 svo flestir eru ánægðir með sitt líf. Mun mátti þó finna á svörum einstaklinga eftir því hversu mikið þeir horfðu á sjónvarp. Þeir sem horfðu á sjónvarp að meðaltali klukkustund dag hvern eða minna merktu að meðaltali við 8,67 á þessum skala. Þeir sem horfðu að meðaltali á fimm klukkustundir eða meira á sjónvarp merktu aftur á móti að meðaltali við 7,77 á sama skala. Því var marktæk neikvæð fylgni milli sjónvarpsáhorfs og þess hversu ánægðir svarendur kváðust vera með lífið ($r=-0,157$). Því meira sem svarendurnir horfa á sjónvarp, því líklegri eru þeir til að vera óánægðir með líf sitt.

Í sjötta lagi voru svarendur beðnir um að segja hversu sammála þeir væru því að ofbeldi væri stundum nauðsynlegt til að leysa alvarleg vandamál. Þar mátti finna marktæka jákvæða fylgni á milli sjónvarpsáhorfs svarenda og þess að þeir væru sammála þessari fullyrðingu ($r=0,128$). Svarendur merktu að meðaltali við 2,03 á skalanum 0-10 yfir hversu sammála þeir væru þessari fullyrðingu. Þeir sem horfðu að meðaltali á sjónvarp klukkustund eða minna dag hvern merktu að meðaltali við 1,26 á meðan þeir sem horfðu að meðaltali á sjónvarp fimm klukkutíma eða meira dag hvern merktu að meðaltali við 2,53 á skalann. Það er því ef til vill ekki hægt að segja að þeir sem mikið horfa á sjónvarp séu hlynntari ofbeldi en þeir sem lítið horfa á sjónvarp, heldur frekar að þeir sem lítið horfa á sjónvarp eru ekki eins ósammála fullyrðingunni og þeir sem lítið horfa á sjónvarp.

Að lokum voru svarendur spurðir til hvaða lands þeir vildu helst flytja. Gert var ráð fyrir því að marktæka jákvæða fylgni mætti finna á milli sjónvarpsáhorfs og að svarendur vildu flytja til Bandaríkjanna. Sú varð raunin ($r=0,104$).

Lagðar voru fram tólf tilgátur sem snéru að þeim áhrifum sem ræktunarkenningin gerir ráð fyrir. Hægt var að sýna fram á fylgni sem búist var við í átta tilfellum en í fjórum tilfellum var fylgnin til staðar sem búist var við en þær niðurstöður reyndust ekki marktækar.

Umræða

Þrátt fyrir að meirihlutinn af þeim tilgátum sem lagðar voru fram í þessari athugun fengust staðfestar virðist sjálf ræktunarkenningin sem tilgáturnar byggjast á fá veikan stuðning. Ýmsar grundvallartilgátur sem ræktunarkenningin byggist á, til að mynda marktæk neikvæð fylgni á milli sjónvarpsáhorfs og trúar á að fólk sé yfirleitt hjálpsamt, fannst ekki. Auk þess var ekki að finna marktæka neikvæða fylgni á milli sjónvarps-

áhorfs og þeirrar skoðunar að óhætt sé að vera einn á ferli á laugardagskvöldi í miðbæ Reykjavíkur eða stórborgum Bandaríkjanna. Því virðist vera að ræktunarkenningin, sem þessi athugun leggur út af, hafi eitthvað til síns mál þrátt fyrir að ekki hafi komið fram öll þau áhrif sem hún gerir ráð fyrir.

Hér var sett fram sú tilgáta að fylgni væri á milli þess að einstaklingar horfðu mikið á sjónvarp og að þeir hefðu hug á að flytjast til Bandaríkjanna. Frekari athugun á svörum þátttakenda sýndi fylgni milli sjónvarpsáhorfs og vals á öðrum löndum. Til að byrja með mátti finna marktæka jákvæða fylgni á milli sjónvarpsáhorfs og vilja til að flytja til enskumælandi landa ($r=0,157$). Enskumælandi lönd voru í þessu tilfalli Bandaríkin, Kanada, Bretland og Ástralía (þrátt fyrir að tvö tungumál séu í raun töluð í Kanada). Áhugavert er að enskumælandi lönd hljóta meiri fylgni en eingöngu Bandaríkin, en tilgátan var að fylgnin yrði sterkust við Bandaríkin þar sem algengasta sjónvarpsefni á Íslandi er bandarískt. Þá er jafnframt áhugavert að finna mátti marktæka neikvæða fylgni á milli sjónvarpsáhorfs og vilja til að flytja til Norðurlanda ($r=-0,140$). Áhugavert að þessi fylgni er sterkari en fannst varðandi Bandaríkin ($r=0,104$).

Vert að geta þess að ekki er sannað með þessari athugun hvort sjónvarpið hafi áhrif á viðhorf einstaklinganna eða hvort það séu viðhorf einstaklinganna sem hefur áhrif á sjónvarpsnotkun. Ekki er hægt að fullyrða með öllu að mikil sjónvarpsnotkun hafi þau áhrif að einstaklingar verði óánægðir með lífið. Verið getur að það séu einstaklingar sem eru óánægðir með líf sitt sem séu líklegri til að stunda athafnir eins og að horfa á sjónvarpsefni. Þá gæti einnig verið, líkt og fram kom í rannsókn Guðbjargar Hildar, að þau áhrif sem finnast megi rekja til annarra þátta. Þá er einnig vert að minnast á að sú fylgni sem fannst í þessari athugun er oftast lítil, en ekki er lítið á það sem veikleika þar sem ræktunarkenningin gerir ráð fyrir að fylgnin sé lítil. Þar að auki er lítil fylgni engin ástæða til að hunsu þá fylgni sem er til staðar.

Ástæða er til þess að rannsaka frekar þau áhrif sem ræktunarkenningin gerir ráð fyrir. Þar sem ræktunarkenningin sjálf virðist standa höllum fæti hér á landi væri ástæða til að rannsaka betur ýmsa þá þætti sem hún gerir ráð fyrir.

Hvernig sem á það er lítið ættu þær niðurstöður sem greint hefur verið hér frá að hvetja til stöðugar endurskoðunar á hugmyndum um hlutverk og áhrif sjónvarps og nýrra miðla. Sjónvarp getur verið upplýsingaveita okkar og tæki til afþreyingar og afslöppunar, en ósanngjarnt er að áætla að engir gallar séu á gjöf Njarðar. Einstaklingur sem eyðir einum fjórða af vökutíma sínum eða meira í að upplifa annan veruleika en aðrir í kringum hann gæti vel myndað sér aðrar skoðanir en þeir sem upplifa raunveruleika með takmörkuðu sjónvarpi.

Heimildir

- Gerbner, G., Gross, L., Morgan, M., Signorielli, N. og Shanahan, J. (2002) Growing up with Television: Cultivation Processes. Í B. Jennings og D. Zillmann (ritstjórar). *Media Effects: Advances in Theory and Research* (bls. 43-67). Mahwah: L. Erlbaum Associates.
- Gerbner, G., og Gross, L. (2003). Living with Television: The violence profile. Í T. Miller (ritstjóri), *Television: Critical concepts in media and cultural studies* (2. bindi). London: Taylor & Francis.
- Gerbner, G., Morgan, M. og Signorielli, N. (1999). Profiling Television Violence. Í K. Nordenstreng og M. Griffin (ritstjórar). *International media monitoring* (bls. 335-365). Cresskill: Hampton Press.
- Guðbjörg Hildur Kolbeins. (2004). The non-findings of cultivation effect in Iceland. *Nordicom Review*, 309-314.
- Hagstofa Íslands. (2009). *Brautskráðir stúdentar eftir kyni 1847-2008*. Sótt 12. febrúar 2010 af <http://hagstofan.is/?PageID=782&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=-SKO03200%26ti=Brautskr%2E1%2F0ir+st%2FAdentar+eftir+kyni+1847%2D2008%26path=../Database/skolamal/fsProf/%26lang=3%26units=f%26ldi,%20hlutfall>
- Hólmfríður Anna Aðalsteinsdóttir og Jón Stefán Jónsson. (2006). *Íslenskt sjónvarp?: Hvert er blutfall íslensks efnis í sjónvarpi?* Óbirt BA-ritgerð: Háskólinn á Akureyri, Félagsvísinda- og lagadeild.
- Levin, M. J. og Harrison, K. (2009). Effects of media on eating disorders and body image. Í J. Bryant og M. B. Oliver (ritstjórar), *Media Effects: Advances in Theory and Research* (bls. 490-515). New York: Routledge.
- McCreary, D. R. og Sadava, S. W. (1999). Television Viewing and Self-percieved Health, Weight, and physical Fitness: Evidence for the Cultivation Hypothesis. *Journal of Applied Social Psychology*, 29, 2342-2361.
- Scannel, P. (2007). *Media and Communication*. London: Sage.
- Shanahan, J. og Morgan, M. (1999). *Television and its viewers: Cultivation theory and research*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Speck, S. K. S. og Roy, A. (2008). The Interrelationship between television viewing, values and percieved well-being: A global perspective. *Journal of International Buisness Studies*, 1197-1219.